










Upplýsingastefna Dalvíkurbyggðar

1. Markmið upplýsingastefnu Dalvíkurbyggðar er að:

-  Veita almenningi og fjölmiðlum upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012 með síðari breytingum.
-  Íbúar Dalvíkurbyggðar verði meðvitaðir um þá möguleika sem eru fyrir þá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
-  Íbúar finni á auðveldan máta upplýsingar um starfsemi, stofnanir og fyrirtæki Dalvíkurbyggðar.
-  Að auka gagnkvæmt traust í samskiptum Dalvíkurbyggðar og almennings.
-  Að ábyrgð og verkaskipting innan Dalvíkurbyggðar í upplýsingamálum sé skýr og auðveldi markvisst og faglegt upplýsingastarf.
-  Að upplýsingaflæði sé gott til að tryggja að starfsmenn hafi góða þekkingu á starfsemi Dalvíkurbyggðar, stefnumiðun og hafi góða heildarsýn yfir starfsemi stofnana og fyrirtækja.
-  Að stefna Dalvíkurbyggðar í upplýsingamálum sé skýr og öllum ljós; kjörnum fulltrúum, stjórnendum, starfsmönnum og almenningi.

2. Ábyrgð og siðferði

Ábyrgð

- Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, sviðsstjórar og kjörnir fulltrúar bera sameiginlega ábyrgð á upplýsingastefnu Dalvíkurbyggðar og að settum markmiðum sé náð.
- Stjórnendur bera ábyrgð á upplýsingamiðlun er lýtur að starfsemi og þjónustu, markverðum nýjungum og breytingum, hver á sínu starfssviði, til kjörinna fulltrúa, almennings og starfsmanna.
- Dalvíkurbyggð telur mikilvægt að upplýsingamiðlun sé hluti af daglegu starfi og að hver starfsmaður tileinki sér að veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar um þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins.
- Upplýsingafulltrúi Dalvíkurbyggðar annast upplýsingamiðlun til fjölmiðla, almennings og fyrirtækja nema það sé falið öðrum starfsmönnum eða í hlutverki þeirra samkvæmt eðli starfa viðkomandi.

Siðferði

- Starfsmenn og kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar skulu ávallt gæta þess að góðum siðareglum sé framfylgt.

3. Aðgengi að upplýsingum

Upplýsingar um Dalvíkurbyggð eða á vegum Dalvíkurbyggðar skulu ávallt vera aðgengilegar fjölmiðlum og almenningi, sbr. upplýsingalög nr. 140/2012, og skulu starfsmenn Dalvíkurbyggðar vera upplýstir og meðvitaðir um málefni sveitarfélagsins, hvaða leið beri að fara í upplýsingagjöf og að þeir sem sækja upplýsingar eða mál viti í hvaða farvegi þau eru sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1997.



Dalvíkurbyggð hefur sett sér vinnureglur hvað varðar afgreiðslu á erindum um beiðni um upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og hefur hannað eyðublað sem þarf að fylla út.

3.1. Takmarkanir á aðgengi að upplýsingum

Upplýsingagjöf Dalvíkurbyggðar skv. framangreindri upplýsingastefnu takmarkast af því að hún nær ekki til upplýsinga sem eru trúnaðarupplýsingar skv. lögum eða eðli máls eða annarra upplýsinga sem lög takmarka aðgang að sbr. kafla II og III í upplýsingalögum nr. 140/2012.

4. Frumkvæði að upplýsingum

Dalvíkurbyggð skal eiga frumkvæði að miðlun upplýsinga og opinberra gagna sem miða að því að almenningur og fjölmiðlar séu upplýstir um starfsemi sveitarfélagsins, stefnu þess og þjónustu, sbr. 13. gr. Upplýsingalaga um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda og sbr. reglugerð nr. 464/2018.

5. Upplýsingaflæði



Ytra upplýsingaflæði

- Dalvíkurbyggð leitast við að tryggja upplýsingaflæði jafnt til fjölmiðla og almennings en ávallt skal þó fara eftir upplýsingalögum nr. 140/2012.
- Veraldarvefurinn, þar með talið þjónustugátt, island.is, heimasíða og samfélagsmiðlar er nýttur í þeim tilgangi að bæta þjónustu við íbúa og auka hagkvæmni í rekstri.
- Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, www.dalvikurbyggd.is, skulu vera aðgengilegar upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu þess. Þar skal vera hægt að nálgast nýjar upplýsingar um stofnanir sveitarfélagsins og/eða tilvísun þangað sem viðeigandi upplýsingar má finna.
- Þjónustugátt er rafræn þjónusta 365/7/24 þar sem íbúar hafa m.a. aðgang að ýmsum fjárhagsupplýsingum, stöðu sinna erinda og mála og fl.
- Á island.is geta viðskiptavinir sveitarfélagsins sótt upplýsingar í gegnum stafrænt pósthólf.
- Dalvíkurbyggð leiti með skipulegum hætti eftir viðhorfum íbúa til sveitarfélagsins og þjónustu þess og hafi í ákvörðunum sínum hliðsjón af þörfum, viðhorfum og væntingum íbúa.
- Þjónustuver Dalvíkurbyggðar er lykillinn að góðu upplýsingastreymi og samskiptum milli byggðaryfirvalda, starfsmanna, íbúa, gesta og viðskiptavina sveitarfélagsins almennt. Gott upplýsingastreymi og miðlun upplýsinga kallar á samvinnu allra stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins.
- Markmið þjónustvers er að veita íbúum sveitarfélagsins, starfsfólki og öðrum sem erindi eiga við/í sveitarfélagið, sem besta þjónustu og upplýsingar á einum stað.








- **Opið bókhald Dalvíkurbyggðar** (tengill). Íbúar og viðskiptavinir sveitarfélagsins geta nálgast upplýsingar um rekstur og viðskipti sveitarfélagsins á heimasíðunni.
- Almennar reglur um **birtingu gagna** með fundargerðum í ráðum og nefndum Dalvíkurbyggðar;
<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Reglugerdir/fjarmala/Eldra/181218.verklagsreglur-vegna-birtina-a-skjolum-ut-a-vefinn.pdf>
- **Hugmyndakassi Dalvíkurbyggðar** í gegnum Betra Ísland á heimasíðu sveitarfélagsins.


Innra upplýsingaflæði

- Stjórnendur Dalvíkurbyggðar tryggja farvegi og flæði upplýsinga milli yfirvalda, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins, starfsmanna hennar og kjörinna fulltrúa.
- Mikilvægt er að upplýsingar berist á skjóttan og öruggan máta milli stofnana og sviða Dalvíkurbyggðar, sem og kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins, til að tryggja betri og auðveldari samskipti milli starfsmanna svo þeir geti sem best fylgst með framgangi mála.

6. Framsetning upplýsinga

-  Upplýsingar frá Dalvíkurbyggð og gögn sem ætla má að varði íbúa sveitarfélagsins og almenningu skulu vera aðgengilegar og settar fram á skýran og einfaldan hátt. Málstefna Dalvíkurbyggðar skal höfð að leiðarljósi er varðar framsetningu upplýsinga frá sveitarfélaginu í máli og riti.
-  Heimasíða Dalvíkurbyggðar, www.dalvikurbyggd.is, samfélagsmiðlar eru notaðir til að miðla upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins. Heimasíðan skal vera aðgengileg í alla staði fyrir íbúa Dalvíkurbyggðar og m.a. ávallt hafa að geyma gildandi reglugerðir, gjaldskrár og samþykktir.
-  Starfsemi Dalvíkurbyggðar og upplýsingar þaðan skulu ávallt einkenndar með byggðamerki sveitarfélagsins. Upplýsingar og reglur um byggðamerki sveitarfélagsins er að finna á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.
-  Allar upplýsingar og kynningarefni frá Dalvíkurbyggð skal vera samræmt að útliti eftir fremsta megni. Framsetning og samskipti starfsmanna, stofnana, fyrirtækja og kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins skulu endurspeglar gagnvart viðskiptavinum sveitarfélagsins að allir eru hluti af sömu heild.
-  Kynningarefni er gefið út eftir því sem starfs- og fjárhagsáætlun leyfir hverju sinni. Kynningarefni Dalvíkurbyggðar skal ávallt hafa skýrar og aðgengilegar upplýsingar og er kynningarefni í höndum upplýsingafulltrúa Dalvíkurbyggðar.

7. Lög

-  Við framkvæmd upplýsingastefnu Dalvíkurbyggðar skal fara eftir lögum á hverjum tíma. Sérstaklega er vísað til eftirfarandi laga við framkvæmd stefnunnar:
- Upplýsingastefna Dalvíkurbyggðar tekur mið af og framfylgir upplýsingalögum nr. 140/2012.



- Upplýsingastefna Dalvíkurbyggðar tekur jafnframt mið af og framfylgir stjórnsýslulögum nr. 37/1993, þ.á.m. hvað varðar stjórnsýslu og meðferð mála, leiðbeiningarskyldu og upplýsingarétt.
- Upplýsingastefna Dalvíkurbyggðar tekur mið af og framfylgir upplýsingalögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

Samþykkt á 1103. fundi byggðaráðs þann 11.04.2024.

Samþykkt á 368. fundi sveitarstjórnar þann 16.04.2024.